

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1484
komudagur 9.3.2012



Frakkastígur 27, Húsnæði Tækniskólans, 101 Rvk

Reykjavík, 9. mars 2012

Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 320. mál, lagafrumvarp á 140. löggjafarþingi.
Um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

Hagsmunasamtök heimilanna (HH) styðja eindregið lagafrumvarp um breytingu á lögum um meðferð einkamála (nr. 91/1991), þar sem kveðið er á um að dómsmál sem tengjast gengis- eða verðtryggingu lána skuli sæta flýtimeðferð fyrir dómstólum.

Samtökin gera athugasemd við stuttan gildistíma lagabreytingarinnar, en gert er ráð fyrir að hin sértæka málsmeðferðarregla gildi aðeins út árið 2012. Falli ákvæðið úr gildi 1. janúar 2013 er aðeins um að ræða níu mánaða tímabil, sem er allt of stuttur tími til að útkljá öll álitamál sem geta þurft að fara fyrir dómstóla og mikilvæg eru til að hægt verði að greina úr um þau álitæfni sem uppi eru um lögmæti samningsskilmála neytendalána. Til samburðar má benda á reynsluna af bráðabirgðaákvæðum laga nr. 151/2010 um endurupptökuheimild, sem þegar á reyndi gagnaðist engum, meðal annars vegna stutts gildistíma en ekki síður vegna skorts á kynningu gagnvart hagsmunaaðilum, þar á meðal neytendum sem eiga í hlut.

Hagsmunasamtök heimilanna vilja því leggja til að ákvæði frumvarpsins um flýtimeðferð gildi varanlega um öll tilvik þar sem um er að ræða hagsmuni lántakenda gagnvart fjármálastofnunum. Með því væru jafnframt lög um meðferð einkamála færð til samræmis við b-lið 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð sbr. tilskipun 93/13/EBE, þar sem segir að vafa um merkingu samnings skuli ávallt túlka neytandanum í hag. Verði frumvarpið að lögum eins og samtökin eru almennt hlynnt, er mælt til að þess að samhliða gildistöku þeirra verði ráðist í kynningarátak til að upplýsa neytendur um rétt sinn að þessu leyti sem og öðru.

Samtökin leggja einnig til að auk flýtimeðferðar verði gjafsókn sjálfvirk í tilvikum þegar ágreiningur er um neytendasamninga, í það minnsta þurfi ekki að leita gjafsóknar sérstaklega í málum sem hafa þýðingu fyrir heildarhagsmunum neytenda. Þannig yrði tekið tillit til þess að lántakendur með umdeildar skuldbindingar eru nær undantekningalaust í fjárhagsvanda. Brýnt er að slíkar kringumstæður komi ekki í veg fyrir að neytendur láti reyna á réttmæti hinna umdeildu skuldbindinga fyrir dómstólum eftir því sem við á.

Vilja samtökin að lokum minna á tillögu sem þau hafa lagt fram við efnahags- og viðskiptanefnd og innanríkisráðherra um að greiða fyrir endurupptöku þeirra mála sem hafa verið fullnustuð með nauðungarsölu eða vörslusviptingum á grundvelli gengistryggðra lána, eða í tengslum við slík lán. Er það krafa samtakanna að slík endurupptaka verði tryggð með sjálfvirkum hætti af ríkinu og leyst úr þeim málum hratt og örugglega. Jafnframt er mikilvægt að tryggja skaðabætur í fullnustumálum af þessu tagi þ.e. að aili sem brotlegur var við lög með útgáfu samnings með ólöglegum ákvæðum beri fulla ábyrgð á þeim skaða er fullnustugerð olli lántaka. Jafnframt ber að ávíta embættismenn sem gerðu engar athugasemdir við fullnustu þrátt fyrir almenna vitneskju um vafa lögmætis.

F.h. Hagsmunasamtaka Heimilanna

Andrea J. Ólafsdóttir

Guðmundur Ásgeirsson